

FUNDARGERÐ

366. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 12. maí 2026 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ).

Gestir á fundinum:

Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastj. (#1)

Þorsteinn B. Ragnarsson, verkefnastj. (#1)

Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustj. (#2)

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

1 Verkefnin

- Markarland, Djúpavogi
- Lagarfell, Fellabæ
- Melshorn – hreinsistöð fráveitu
- Jarðhitaleit
- Miðlunartankur á Borgarfirði

2 Fjárhagur

3 Jarðhitaleit í Eiðabínghá

4 Fellabrún 1 – Leigurými

5 Varmadælluráðgjöf í dreifbýli (áður á dagskrá fundar #358)

6 Tjónakröfur á félagið (áður á dagskrá fundar #365)

7 Dreifikerfalíkan – ástandsmat á dreifikerfum (áður á dagskrá fundar #361)

8 Rammamningar við verktaka

9 Samorka – fréttir

10 Heimsókn á vörusýningu, IFAT

11 Önnur mál

1 Verkefnin

Yfirlit fjárfestingarverkefna á árinu.

a. Markarland, Djúpavogi

Framgangur verksins hefur verið góður og er verkið á undan áætlun. Gert er ráð fyrir að fyrstu 100 metrar svæðisins verði malbikaðir fyrir lok mánaðarins, í samræmi við áætlun. Umræddur hluti framkvæmdarinnar er staðsettur við aðalgötu bæjarins og því mikilvægt að honum ljúki áður en umferð ferðamanna um bæinn fer að aukast verulega.

Til upplýsinga.

b. Lagarfell, Fellabæ

Tilboð voru opnuð 28. Apríl, eitt tilboð barst.

Stjórn felur verkefnastjóra að ganga til samninga við bjóðanda.

Reiknað er með að verkið hefjist í júlí, en framkvæmdin verður auglýst með dreifibréfi fyrir íbúa í grennd við svæðið. Einnig verður boðið upp á íbúafund í samstarfi við Múlaþing og Rarik.

c. Melshorn – hreinsistöð fráveitu

Farið yfir verkstöðu á uppsetningu lagna og búnaðar í stöðinni og staðan góð. Verktaki áætla skil í byrjun júní.

Stjórn hefur athugasemdir við verkstöðu innanhúss sem er á hendi byggingaverktakans.

Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri munu ræða við verktakann og fara yfir með hvaða hætti verði hægt að hraða verklokum.

Stilla þarf upp tímalínu með lokapáttum verks byggingaverktaka, prufukeyrslu búnaðar og öðru því sem eftir er.

d. Jarðhitaleit

Borun er hafin á Seyðisfirði en Borbræður fluttu borinn Árna yfir heiðina fyrir helgi. Þeir hófust handa við að koma fóðringum niður í gær og gekk það vel. Komið var á fast berg á 27m dýpi en nokkuð vatnsmagn var á ferðinni í malarlagi þar fyrir ofan. Borun heldur áfram en síðasta fóðringin fer niður í dag og verða þær þá 6 talsins, 36m samtals. Þetta kalda vatn á 20-26m er tæplega uppspretta fyrir heilan bæ. Þó er veruleg ástæða til að leita að nýju vatnsbóli fyrir Seyðisfjörð.

e. Miðlunartankur á Borgarfirði

Verktaki hefur hafið framkvæmdir. Stefnt er að verklokum í sumar. Til upplýsingar.

2 Fjárhagur

Staðan, eftir fyrstu 3 mán. ársins.

Farið yfir stöðuna í samburði við áætlanir og rýnt til gagns.

3 Jarðhitaleit í Eiðaþinghá

Fulltrúar aðila hafa fundað og mál þokast rólega. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum. Til upplýsingar.

4 Fellabrún 1 – Leigurými

Norðurálma hússins hefur verið auglýst til leigu hjá INNI, fasteignasölu.

<https://www.inni.is/soluskra/eign/885935>

5 Varmadælu ráðgjöf í dreifbýli (áður á dagskrá fundar #358)

Samningur við Hagvarma um ráðgjöf í tengslum við hönnun varmadælukerfa fyrir íbúa í dreifbýli var undirritaður 20. apríl síðastliðinn.

Þjónustan var auglýst aftur í apríl og samtals náðust rúmlega 50 heimilisföng á lista.

Til stendur að ráðgjafar mæti í heimsóknir í lok maí og skili í kjölfarið skýrslum og samantekt í lok júní.

6 Tjónakröfur á félagið (áður á dagskrá fundar #365)

Tjónamat á vatnstjóni í Fellabæ barst félaginu 17. apríl. Málið er í vinnslu.

7 Dreifikerfaliðan – ástandsmat á dreifikerfum (áður á dagskrá fundar #361)

Framkvæmdastjóri hefur kannað möguleikann á að sameinast öðrum minni veitum um hugbúnaðarkaup og námskeið í notkun hugbúnaðar. Samtal er í gangi við þær veitur sem þegar hafa lýst áhuga á samvinnu.

8 Rammasamningar við verktaka

Fyrir liggja fyrstu drög að formi rammasamningum við verktaka. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

9 Samorka – fréttir

Fagþing Samorku var haldið 7.- 8. maí. Sjö starfsmenn félagsins sóttu fagþingið, sem heppnaðist vel og komu heim margs vísari.

Til upplýsingar.

10 Heimsókn á vörusýningu, IFAT

Þrír fulltrúar félagsins fóru á vörusýninguna IFAT, 4.- 6. maí, sem haldin er annað hvert ár í München. Sýningin er gríðarstór, margt var að skoða og gagnlegar upplýsingar teknar með heim, sem nýtast munu í öllum veitum félagsins.

Til upplýsingar.

11 Önnur mál

Ekkert bókað.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:10

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir.

Undirritanir á næstu síðu.

